

Sp.

247. Þingsályktun

um rannsókn á kostnaði við að byggja fullkomna sildarverksmiðju á hentugum stað á Norðurlandi.

(Afgreidd frá Sp. 24. mars).

Sameinað Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina:

1. Að láta á næsta sumri rannsaka, hvað kosta muni að stofnsetja nýtisku

sildarbræðslustöð á hentugum stað á Norðurlandi, sem geti unnið úr alt að 2000 tunnum sildar á sólarhring.

2. Að gera ráðstafanir til þess, að nægilegt land, með fulltryggum lóðarrjettindum, verði fyrir hendi, þegar til byggingar slíkrar stöðvar kæmi.